



5. fundur stjórnar SSA (símafundur) haldinn 15. desember 2014 kl. 8.00.

Mættir á fundinn voru Sigrún Blöndal, Gauti Jóhannesson, Stefán Rafn Grímsson, Hákon Hansson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Jónsson og Eydís Ásbjörnsdóttir auk Bjargar Björnsdóttur, verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Til umfjöllunar var aðeins eitt mál, ákvörðun um lánveitingu til Austurbrúar kr. 8.500.000 til að standa straum af opinberum gjöldum sem ella munu falla á stjórnarformann og framkvæmdastjóra Austurbrúar. Frá því að fundur var boðaður, hefur verið gengið frá sölu fasteignar Austurbrúar til Afls, upp á 20 milljónir króna. Ef gengið verður frá sölnunni í dag, er ekki þörf á lánveitingunni. Lögð til breytingartillaga á bókun, bætt verði við „ef nauðsyn ber til“ inn í fyrstu setninguna. Umræða um aðkomu Magnúsar Jónssonar að bókuninni. SB og GJ bentu á að hans tillegg hefði einkum verið tæknilegs eðlis (vextir, veð). Þá var rætt um stöðu Austurbrúar og þær tillögur sem stjórn hefur lagt fram til úrlausnar á brýnum fjárhagsvanda stofnunarinnar.
2. Tillaga að bókun: *Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu Austurbrúar ses., veitir stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi formanni heimild til að ganga frá láni til Austurbrúar ef nauðsyn ber til sem svarar 8,5 milljónum króna til að standa straum af vörslusköttum sem eru á gjalddaga 15. desember. Lánið er vaxtalaust og gert ráð fyrir endurgreiðslu eigi síðar en 31. desember 2014. Með þessu er verið að verja stöðu þeirra sveitarstjórnarmanna sem aðkomu hafa að stjórn Austurbrúar og geta verið í persónulegum ábyrgðum fyrir tilteknum skuldbindingum stofnunarinnar. Samþykkt samhljóða.*
3. Umræða um næsta stjórnarfund og hvort ástæða væri til að flýta stjórnarfundum, m.a. í ljósi fjárhagsstöðu Austurbrúar.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 08.40.
Egilsstöðum, 15. desember 2014

Sigrún Blöndal

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Hákon Hansson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Stefán Grímur Rafnsson

Arnbjörg Sveinsdóttir